

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um fjölda íbúða sem félög tengd Landsbankanum hf. eignuðust á tímabilinu 2008–2019.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er fjöldi fasteigna, skráðra sem íbúðarhúsnæði, sem hver eftirtalinna aðila varð eigandi að á tímabilinu 2008–2019 samkvæmt þinglýsingaskrá, að frátöldum fasteignum þar sem fyrri eigandi var lögaðili og að því gættu að einstakar fasteignir séu ekki tvítaldar, sundurliðað eftir aðilum, árum og í heild:

1. Landsbankinn – Fjárfesting hf., kt. 601099-2419,
2. Landsbankinn – Framtak hf., kt. 430299-2989,
3. Landsbankinn eignarhaldsfélag ehf., kt. 631204-3330,
4. Landsbankinn fasteignafélag, ehf., kt. 670303-4030,
5. Landsbankinn – Framtakssjóður ehf. kt. 621199-3239,
6. SP Fjármögnun hf., kt. 620295-2219,
7. Blámi fjárfestingafélag ehf., kt. 470301-3920,
8. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790,
9. Eignarhaldsfélagið ehf., kt. 531106-1800,
10. Fasteignafélag Íslands ehf., kt. 430700-3590,
11. Fictor ehf., kt. 701299-3459,
12. Framkvæmdafélagið Hömlur ehf., kt. 460509-0330,
13. Grípir ehf., kt. 590101-2140,
14. H Akureyri ehf., kt. 601212-0720,
15. HÍÍ ehf., kt. 521009-1360,
16. Holtavegur 10 ehf., kt. 520171-0299,
17. Horn fjárfestingarfélag hf., kt. 511208-0250,
18. Horn Invest B.V., kt. 480306-9960,
19. Hótel Egilsstaðir ehf., kt. 601212-0800,
20. HPR1 ehf., kt. 521009-1280,
21. Hömlur 1 ehf., kt. 630109-0860,
22. Hömlur 2 ehf., kt. 630109-0510,
23. Hömlur 3 ehf., kt. 440510-1670,
24. Hömlur B&T ehf., kt. 530298-3029,
25. Hömlur ehf., kt. 630109-0940,
26. Hömlur fyrirtæki ehf., kt. 630207-0610,
27. Hömlur þróunarfélag ehf., kt. 521009-1600,
28. Landsvaki ehf., kt. 700594-2549,
29. Laugavegsreitir ehf., kt. 460509-0410,
30. Lífsval ehf., kt. 531202-3090,
31. Lindir Resources ehf., kt. 610108-0910,
32. NIKEL ehf., kt. 660308-1720,
33. Reginn íbúðarhúsnæði ehf., kt. 521009-1440,
34. SL-2010 hf., kt. 600269-0549,
35. Smáabyggð ehf., kt. 690910-1280,
36. Span ehf., kt. 440107-0360,
37. Spvlet ehf., kt. 591110-0630,
38. Stenias ehf., kt. 461108-0670,
39. Tangabryggja ehf., kt. 540711-0460,
40. Önnur félög sem eru eða hafa verið tengd Landsbankanum hf. vegna eignarhalds, stjórnunar eða sambærilegra atvika?

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, getur alþingismaður óskað upplýsinga eða svars frá ráðherra um opinbert málefni. Í 3. mgr. 49. gr. þingskapalaga segir: „Með opinberu málefni er átt við sérhvert málefni er tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings.“

Þær upplýsingar sem fyrirspurnin lýtur að eru ekki fyrirliggjandi hjá ráðuneytinu eða stofnunum þess. Landsbankinn hf. og tengd félög eru ekki ríkisstofnanir eða félög sem annast stjórnslu eða veita opinbera þjónustu í skilningi framangreinds ákvæðis. Viðskiptabankar og félög þeim tengd eru einkaréttaraðilar og ákvarðanir þeirra eru einkaréttarlegs eðlis. Ráðuneytið getur því ekki krafist þess að bankinn eða félögin veiti þær upplýsingar sem óskað er eftir. Því er ekki unnt að veita efnislegt svar við fyrirspurninni.